

1997 nr. 27 5. maí**Lög um uppgjör á vangoldnum söluskatti, launaskatti, tekjuskatti og eignarskatti**

Tóku gildi 16. maí 1997. Breytt með l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við fjármála- og efnahagsráðherra eða fjármála- og efnahagsráðuneyti sem fer með lög þessi.

Almennt.

■ **1. gr.** Gjaldendum, sem eru í vanskilum með söluskatt og launaskatt, svo og tekjuskatt og eignarskatt vegna tekjuársins 1989 eða fyrri ára, er heimilt að gera upp þessar skuldir við ríkissjóð með greiðslu eða afhendingu skuldabréfs með þeim skilmálum sem í lögum þessum greinir og að fullnægðum þeim skilyrðum sem þar eru sett. Heimild þessi gildir til 31. desember 1997.

□ Heimild til skuldbreytingar samkvæmt ákvæðum þessara laga nær ekki til skattkrafna sem til eru komnar vegna endurákvörðunar skattfirvalda á gjöldum vegna skattsvika.

□ Sé gjaldandi, sem er í vanskilum með tekjuskatt eða eignarskatt skv. 1. mgr., einnig í vanskilum með útsvar eða aðstöðugjald til sveitarsjóðs er skuldbreyting vangoldins tekjuskatts og eignarskatts bundin því skilyrði að sambærileg skuldbreyting verði gerð á vangoldnu útsvari og aðstöðugjaldi.

Skilyrði skuldbreytingar.

■ **2. gr.** Hafi verið gert fjárnám til tryggingar skuldum skv. 1. gr. skal sú eign sem tekin hefur verið fjárnámi sett að veði til tryggingar fullnustu skuldarinnar, enda telji innheimtumaður ríkissjóðs eignina fullnægjandi tryggingu fyrir fullnustu á skuldinni. Ef ekki hefur verið gert fjárnám, eða sú eign sem tekin hefur verið fjárnámi telst ekki vera fullnægjandi trygging fyrir fullnustu skuldarinnar, skal það vera skilyrði skuldbreytingar að gjaldandi greiði í reiðufé við afhendingu skuldabréfs 20% af reiknuðum höfuðstól skv. 3. gr.

Höfuðstóll skuldar.

■ **3. gr.** Ef gjaldandi ákveður að greiða með reiðufé eða afhenda skuldabréf til greiðslu þeirra skatta sem í 1. gr. greinir skal höfuðstóll skuldarinnar ákveðinn þannig að við álagningu viðkomandi skatts og útlagðan kostnað innheimtumans

ríkissjóðs skal bætt ársvöxtum sem skulu vera 2% hærri en breyting á vísitölu neysluverðs frá upphafi til loka hvers árs. Vexti á skuldina skal reikna frá upphaflegum gjalddaga og til uppgjörsdags. Hafi skuldari greitt upp í skuld sína skal reikna vexti á hverja innborgun með sama hætti og að framan greinir frá innborgunardegi til uppgjörsdags og hún ásamt vöxtum dregin frá skuldinni. Ef þannig reiknaðar innborganir eru hærri en uppreiknaðar skattkröfur samkvæmt framangreindri reglu telst skattkrafan að fullu greidd, en skal ekki leiða til inneignar gjaldanda hjá ríkissjóði. Þannig reiknaður höfuðstóll að teknu tilliti til innborgunar skv. 2. gr. skal vera höfuðstóll skuldabréfsins.

Skuldaskilmálar.

■ **4. gr.** Skuldabréf, sem gefin eru út til greiðslu á skattaskuld, sbr. 3. gr., skulu vera með jöfnum afborgunum og ekki vera til lengri tíma en fjögurra ára. Skuldir samkvæmt bréfunum skulu verðtryggðar með vísitölu neysluverðs. Skuldabréfin skulu bera 6% vexti. Þó skal sá hluti skuldar sem gerður er upp innan tveggja ára frá útgáfudegi bera 5% vexti og vera án verðtryggingar.

□ Skilmálar skuldabréfa skulu að öðru leyti vera þeir sömu og tíðkast í lánsviðskiptum, svo sem um heimild til nauðungarsölu veðs án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms, heimild til fjárnáms án undangengis dóms eða sáttar og um gjaldfellingu skuldar vegna vanskila.

Afhending skuldabréfs.

■ **5. gr.** Gjaldandi, sem vill nýta sér uppgjörshheimild laga þessara, skal snúa sér til innheimtumans ríkissjóðs og láta honum í té upplýsingar um tryggingar skv. 2. gr. Innheimtumaður ríkissjóðs skal, telji hann skilyrðum laga þessara fullnægt, reikna út höfuðstól skuldarinnar, sbr. 3. gr., og tilkynna hann gjaldanda. Gjaldandi skal þá greiða hana með reiðufé eða skuldabréfi sem hann útbýr og lætur þinglýsa. Gjaldandi greiðir kostnað við þinglýsingu og stimplun skuldabréfs.

Reglugerð.

■ **6. gr.** [Ráðherra]¹⁾ er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara í reglugerð.

¹⁾ L. 126/2011, 232. gr.

Gildistaka.

■ **7. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi.